

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

2. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019 13. nóv. 2018 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Anna Björg Kristjánsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Anna María Harðardóttir, Salvör Dalla Hjaltadóttir, Daníel Snær Garðarsson, Guðbjörg Anna Bergsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Fjola Jóhannsdóttir, Gunnhildur Imsland, Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá :

1. Niðurstöður skólapúlsins

Þórgunnur fer yfir niðurstöður og útskýrir þá þætti sem unnið er með. Sjá niðurstöður á vef skólans <http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/nidurstodur-nemenda-i-oktober-2018.pdf> og samantekt í fréttabréfi skólans <http://gs.hornafjordur.is/media/annad/3.frettabref.8.tbl-12.arg.-sept.2018.pdf>. Nokkrar umræður urðu um ýmsa þætti s.s. þrautseigju í námi, einelti og ýmislegt fleira. Umræður um hvernig við merkjum í svona kannanir, merkjum við ALLTAF eða næstum alltaf. Því velt upp hvort fjarvera nemenda hafi áhrif á líðan þeirra í skóla og þrautseigju og upplifun á því hvernig stjórn þeir hafi á eigin lífi? Hvernig vinna nemendur fríð upp og hvað fá þeir mikið námsefni með sér, kennurum ber ekki skylda til að vera tilbúnir með efni né heldur að halda utan um það sem vantar upp á þegar nemendur koma aftur, en gera það í flestum tilfellum. Vetrarfrí og vorfrí, breytir það stöðunni? Markmiðið er alltaf að nemendum líði vel, kannski er ekki auðvelt að finna lausnir á þessu. Töluverðar umræður og gott að spjalla um þessi mál.

2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. Bekk

Lið frestað þar sem grunnskólaeinkunnin er ekki komin í hús en það er sú einkunn sem notuð er til samanburðar.

3. Menntun fyrir alla – umræður og skoðanaskipti að loknum fundi

Þeir sem voru á fundinum voru ánægðir með hann. Fundurinn fyrir hádegi ekki eins góður og þessi eftir hádegi. Hugmyndin er að halda áfram með þetta efni, menntun fyrir alla bæði á landsvísi en einnig innan sveitarfélaga. Tilhneigingin hefur verið að breyta nemendum en ekki aðlagast skólann að þeim en umræðan um menntun fyrir alla gengur út á að skólinn aðlagist ólíkum nemendum. Næsta skref er ekki ákveðið en þó á þessi fundarherferð að vera innlegg í mótun menntastefnu til 2030.

4. Hafnarhittingur 14. nóvember – kynning

Fjölbreytt dagskrá með áherslu á fjölskylduvænt umhverfi þar sem bæði er boðið upp á mat og sund. Umræða um af hverju við náum ekki til viss hóps og þá kannski sérstaklega fólks af erlendu bergi brotnu og hvað er hægt að gera.

5. Heimsókn menntamálaráðherra til Hornafjarðar á degi íslenskrar tungu 16.

Nóvember

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra kemur með föruneysi sínu í heimsókn í Grunnskóla Hornafjarðar þar sem nemendur úr skólaráði og nemendaráði munu leiða hópinn í gegnum skólann. Dagskrá í Nýheimum á föstudaginn, degi íslenskrar tungu klukkan 16. Allir hvattir til að mæta.

6. Önnur mál

- a. Í framhaldi af umræðu um klukkurnar á síðasta fundi þá er búið að ræða nokkrum sinnum við starfsmenn Sindra um að hafa klukkurnar í Bárinni og á íþróttavellinum réttar.
- b. Uppástungur um efni næsta fundar sem verður í janúar: Spurning um fyrirlestra sem hafa verið í Langholtsskóla, frá fótbolta í fíkn. Strákur úr Áttunni sem heldur fyrirlesturinn og ætti hann að vera fyrir foreldra eða bæði foreldra og nemendur? Foreldrafélagið er að skoða málið